

Reglugerð um (7.) breytingu á reglugerð nr. 167/2015 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu.

1. gr.

Við 1. gr. reglugerðarinnar bætast þrír nýir töluliðir, 61., 62. og 63. tölul., svohljóðandi:

61. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/129 frá 1. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið "hreinsaður hálffastur útdráttur úr *Humulus lupulus* L. sem inniheldur u.þ.b. 48% betasýru (sem kalíumsölt)". Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 116/2016 frá 3. júní 2016. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 44, frá 18. ágúst 2016, bls. 418.
62. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/305 frá 3. mars 2016 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið gentamísín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2016 frá 8. júlí 2016. Reglugerð er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, frá 22. september 2016, bls. 175.
63. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/312 frá 4. mars 2016 um leiðréttingu á reglugerð (ESB) nr. 37/2010 að því er varðar efnið tylvalósín. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2016 frá 8. júlí 2016. Reglugerð er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 52, frá 22. september 2016, bls. 178.

2. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 25/1993 um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, lögum nr. 93/1995 um matvæli, lögum nr. 96/1997 um slátrun og sláturafurðir og lögum nr. 66/1998 um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, öll með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 29. nóvember 2016.

F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,

Ólafur Friðriksson.

Eggert Ólafsson.

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.